

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-97a/2016.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 3. nóvember 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna notkunar á aðgangsmiða að tónlistarhátíð á vegum Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu á kaupverði aðgangsmiðans.

### **II**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er milli aðila fellur hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup enda ekki um að ræða kaup á hlut heldur aðgöngumiða á tónlistarhátíð.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir:

*„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:*

- 1. vinnu við lausafjármuni,*
- 2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,*
- 3. geymslu á lausafjármunum,*
- 4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.*

*Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“*

Af skilgreiningu þessari er ljóst að viðskipti þau sem álitsbeiðandi kvartar undan falla ekki undir gildissvið laga nr. 42/2000 sem leiðir aftur til þess að kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki vald til þess að gefa álit sitt á ágreiningnum samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir. Ber kæruneftndinni samkvæmt því að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu frá janúar og fram í apríl 2017 var kæruneftndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð.

### **III**

## **Álitsorð**

Kröfu álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson